

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Hlíðarenda, Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að heimilt verður að þétta byggð um 170 íbúðir á miðsvæði M5 við Hlíðarenda, á milli Bústaðavegar og Hlíðarfótar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 24. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*